

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2012

Efni: 334. mál – Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á starfskjörum launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) telur þetta lagafrumvarp á engan hátt samræmast markmiðum samningafrelsis og á erfitt að sjá hvernig hægt er að réttlæta að taka samningsumboð af einum hópi á þann hátt sem frumvarpið kveður á um. Hvað með launakjör alþingismanna, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða forystumanna annara félagasamtaka sem hafa með réttindi og kjör almennings að gera?

Starfskjör starfsmanna stéttarfélaganna innan SGS eru ákvörðuð af stjórnnum félaganna og taka mið af því umhverfi sem viðkomandi starfar í. Það er eðlilegt að kjör forsvaramanna stéttarfélaganna séu ákveðin í samningum á milli viðkomandi einstaklings og stjórnar aðildarfélags þar sem tekið er tillit til þess vinnuframlags og ábyrgðar sem gerð eru til viðkomandi. SGS er þess vegna algjörlega andsnúið því að sett sé séu sérstök lög til að ákvarða hámarkskjör einstakra hópa. Þá má benda að lögbundin hámarkskjör myndu væntanlega ekki leiða til lækkunar á launum forystumanna aðildarfélaganna SGS og má jafnvel færa rök fyrir því að slík lög gætu leitt til hækkunar á launum þeirra.

SGS vill einnig benda á að hugtök notuð í frumvarpinu eru illa skilgreind. Hvað er átt við með lágmarkskjör? Þá kemur ekki fram hvaða þætti skuli taka inn í ákvörðun hámarkskjara? Þá er hugtakið forsvarsmaður stéttarfélags ekki skilgreint eða útskýrt heldur. Er átt við formenn félaga, starfsmenn eða hvoru tveggja? Í dag eru mörg stéttarfélög deildarskipt og innan þeirra raða eru ólíkir hópar með mismikla menntun, ábyrgð, starfsvið og lágmarkskjör. Þannig má nefna að innan fjölmargra aðildarfélaganna SGS eru verkafólk, sjómenn, iðnaðarmenn, verslunar- og skrifstofufólk. Hvaða lágmarkskjör ætti að miða við í slíkum tilfellum?

Þá vill SGS benda á að slík nálgun getur leitt til misræmis í kjörum þeirra sem vinna að hagsmunagæslu fyrir launafólk eftir því hverjir umbjóðendur þeirra eru. Þannig má nefna að samkvæmt þessari tillögu mættu laun þeirra sem eru í forsvari fyrir háskólamenntaða hópa vera umtalsvert hærri en þeirra einstaklinga sem eru í forsvari fyrir verkafólk. Slíkt ákvæði í lögum gæti leitt til þess að erfiðara væri að ráða hæft og vel menntað fólk til starfa hjá stéttarfélögum verkafólks, sem getur skaðað hagsmunagæslu verkafólks. Samskonar misræmi gæti myndast á milli starfsmanna stéttarfélaganna og hagsmunasamtaka atvinnurekenda.

SGS telur þetta frumvarp sé vanhugsað og varar því við að menn samþykki það.

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landsamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélag SGS eru nú þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vlsfél. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjla, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vlsfél. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vlsfl. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Kristján Bragason, framkvæmdastjóri (sign)